

UST202008-201

# STARFSLEYFI

Bikbirgðastöð

**Colas Ísland hf.**

Óseyrarbraut 16, Hafnarfirði  
(lögheimili Gullhellu 1, Hafnarfirði)

Kt.: 420187-1499

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Colas Ísland hf. kt. 420187-1499, vegna bikbirgðastöðvar á Óseyrarbraut 16, Hafnarfirði. Colas Ísland hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið veitir heimild til að taka á móti og geyma bik (bitumen) eða þau önnur olúefni sem eru ætluð til malbiks og klæðninga. Alls veitir starfsleyfið heimild til að geyma allt að 8.500 m<sup>3</sup> af biki (bitumen) og þar af í stærsta geymi allt að 3.700 m<sup>3</sup>. Viðeigandi lekavarnir skulu vera við geymana. Einnig er geymsla efna á borð við viðloðunarefni, bikþeytu, lýsi, skipagasolíu og "white spirit", allt að 550 m<sup>3</sup> samtals. Heimilt er að framleiða og afhenda bikbindiefni til vegagerðar og meðferð þeirra efna sem til þarf við framleiðsluna.

Endurvinnsla er heimil á bikþeytu (afgangsefni) í kerfi sem hitar bikþeytu upp þannig að eftir verði endurunnið bik sem er tilbúið til notkunar.

Starfsemin skal öll rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi. Skilgreining á olú er samkvæmt reglugerðinni.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð ganga og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, nánar á vefsvæði eftirlitsaðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

#### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar sem annars vegar fjallar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og annan frágang.

Rekstrarstöðvun, varanleg eða tímabundin, skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir, þannig að taka megj út frágang að lokinni rekstrarstöðvun. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn er stórlega skertur, þó að ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri. Gera skal Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. viðvart um stöðvun og gangsetningu starfseminnar um leið og eftirlitsaðila.

#### 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

## 2. STARFSHÆTTIR

### 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga úr umhverfisáhrifum. Tryggja skal gæði hráefnis eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að halda mengun loftslags og lagar í lágmarki. Viðhald á mengunarvarnabúnaði og viðkvæmum búnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

### 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

### 2.3 Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits.

### 2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsmenn olíubrigðastöðvarinnar og þjónustuaðilar, t.d. bílstjórar og vaktmenn, skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í stöðinni.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðili er skylt að ganga þannig frá olíubrigðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á vinnustað ásamt afstöðumynd af birgðastöð, flæðiriti af stöðinni með merkingum geyma og lagna, viðbragðsáætlun og rekstrarhandbók.

Takmarka skal aðgengi að stöðinni og hafa með því eftirlit t.d. með girðingu eða hafa í henni eftirlitsmann eða -búnað. Ef birgðastöð er ekki mönnuð skal hindra aðgang óviðkomandi, t.d. með mannheldri girðingu, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 884/2017. Tilkynna skal eftirlitsaðila um bilanir í eftirlitsbúnaði sé notast við slíka tækni.

### 2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili getur tekið þátt í t.d. ÍST EN ISO 14001, eða í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) eða annað kerfi sem uppfyllir eðli málsins samkvæmt kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.

## 2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbrögð skulu taka mið af nálægð stöðvarinnar við friðlýstan fólkvang í Hvaleyrarlóni og Hvaleyrarhöfða.

## 2.7 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringar. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig.

## 2.8 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að óhöpp eða slys sem orðið hafa endurtaki sig og skal eftirlitsaðili vera upplýstur um þær ráðstafanir.

## 2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari losunarmælingar og/eða vöktunarmælingar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota meggi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni við geymslu efna, svo sem við geymslu olúbirgða, hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques on Emissions from Storage, July 2006“.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í gr. 1.6.

### 3.2 Frágangur birgðageyma

Olúgeymar skulu vera í olúhældri lekavörn, t.d. olúhældri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbætti rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar.

### 3.3 Áfylling flutningsgeyma

Áfylling flutningsgeyma skal fara fram á olúheldu áfyllingarplani með niðurfall í lægsta punkti sem tengt er olúskilju.

### 3.4 Löndun olíu og önnur áfylling á geyma

Setja skal upp og fylgja verklagslagsreglum um löndun olíu þar sem fram kemur hvernig öllum tengingum skal vera háttað og tryggt að olía smitist ekki út í umhverfið.

Koma skal í veg fyrir að geymar yfirfyllist, t.d. með viðeigandi tækjabúnaði og/eða verklagsreglum.

### 3.5 Frárennsli

Frárennsli frá áfyllingarplani og lekavörn skal leitt í gegnum olúskilju (olíuskiljur). Olúskilja með frárennsli til yfirborðsvatns eða sjávar skal vera af gerð I, samanber staðal nr. ÍST EN 858. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Starfsleyfið gerir ráð fyrir að frárennsli frá starfseminni sé veitt í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Nota skal olúskilju við hreinsun frárennslis. Heimilt er að nota olúskilju af gerð II, miðað við hámarksflæði frárennslis, að fengnu samþykki rekstraraðila fráveitukerfis. Virkni olúskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum (sandfang og olúhólf). Fjarlægja skal olíu úr skilju ef olía fyllir meira en 25% af rúmtaki olíurýmis, og sand og leðju úr sandfangi ef magn fastefnis fer yfir 40% af vökvarúmmáli sandfangs. Frárennslislagnir við þrær skulu vera með lokum sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þeim, eða búnar sjálfvirkum lokum fyrir olíu. Ekki er heimilt að þvo olúbíla með tjöruhreinsi á áfyllingarplani eða losa sambærileg olúhreiniefni í frárennslið.

Vegna legu stöðvarinnar skal vera einstremislöki í frárennsli frá olúskilju.

### 3.6 Lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerða nr. 884/2017 og nr. 188/1990. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka. Í viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppþurrkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

### 3.7 Úrgangur

Ekki er heimilt að varpa neins konar úrgang um niðurföll. Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Úrgangsolía skal fara til samþykks móttökuaðila. Heimilt er að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu frá birgðastöðinni.

### 3.8 Lyktarmengun

Rekstraraðili skal sjá til þess að bikið sem geymt er í stöðinni sé ekki lyktarsterkt bik og haga ber innkaupum biks samkvæmt því. Rekstraraðili skal greina orsakir fyrir lyktarvandamálum ef þau koma upp og gera Umhverfisstofnun viðvart.

Ef fyirséð er að mati Umhverfisstofnunar að stjórnun á innkaupum á biki dugi ekki til að koma í veg fyrir að lyktarmengun berist frá stöðinni skal setja upp fullnægjandi hreinsibúnað fyrir lofttúður geymanna. Einnig skal setja upp sambærilegan hreinsibúnað fyrir afsog frá afgreiðslu á flutningsbíla. Hóflegur frestur skal veittur til uppsetningar á þessum búnaði.

### 3.9 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá birgðastöðinni og skal hávaði í nærliggjandi íbúðabyggð vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008, um hávaða.

### 3.10 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6 og 2.7. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

## 4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olúskiljur og yfirferð á virkni olúskilja sbr. gr. 3.5.
- Magn og gerð móttækinnar úrgangsolúu.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Þjálfun starfsmanna, sbr. gr. 2.4.
- Niðurstöður mælinga, sbr. gr. 4.2.
- Lykt, sbr. gr. 3.8.

### 4.2 Eftirlitsmælingar

Eftirfarandi mælingar skulu framkvæmdar af rekstraraðila:



- Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar.
- Kanna skal að lágmarki árlega hvernig úrtök og lausar tengingar virka.
- Þrýstiprófa skal lagnirnar á 5 ára fresti.
- Lekavarnir skulu prófaðar fari Umhverfisstofnun fram á það.
- Botnar og þykkt neðsta umfars geyma sem eru ekki bikgeymar, skal mæla á minnst 10 ára fresti.

Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir. Gera skal sérstaka úttekt á hávaða fyrir 1. júlí 2022. Í þeirri úttekt skal fara ítarlega yfir þar sem farið er yfir samræmi við reglugerð nr. 724/2008, um hávaða, sbr. gr. 3.9. Úttektin skal endurtekin síðar á gildistíma starfsleyfisins telji Umhverfisstofnun tilefni til þess.

#### 4.3 Rekstrarhandbók

Í olíubirgðastöðinni skal rekstrarhandbók<sup>1</sup> vera aðgengileg fyrir starfsmenn og eftirlitsaðila. Í handbókina skal skrá á aðgengilegan hátt upplýsingar um eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar í stöðinni, athugasemdir starfsmanna og eftirlitsmanna um viðhald, ástand og tæmingu olíuskilju, þrýsti-, leka- og þéttiprófanir, þykktarmælingar og birgðauppgjör á mánaðarfresti, þjálfun starfsmanna svo og annað sem skiptir máli varðandi framkvæmd mengunarvarnaeftirlits.

#### 4.4 Úttekt á VOC-efnum

Gera skal minnst eina mæliröð á losun VOC-efna frá endurvinnslu bikbeytu þegar komin er eins árs reynsla á ferlið. Rekstraraðili skal leggja fram nánari tillögur um framkvæmd mælinga til samþykktar hjá Umhverfisstofnun.

#### 4.5 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfisstofnun samþykkir.

## 5. FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 4. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 4.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

---

<sup>1</sup> Rekstrarhandbók má vera á rafrænu formi.  
Síða 8 af 11



## 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 10. mars 2038.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Með gildistöku þessa starfsleyfi fellur úr gildi starfsleyfi sem gefið var út 3. desember 2014 fyrir bikbirgðastöð Malbikunarstöðvar Hlaðbæjar-Colas hf.

**Reykjavík 10. mars 2022**

**Skúli Þórðarson**  
sviðsstjóri

**Sigurður Ingason**  
sérfræðingur

## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir bikbirgðastöð Colas Ísland hf. Hafnarfirði

#### 1. Almenn

Starfsleyfi þetta er gefið út til handa Colas Ísland hf. Um er að ræða bikbirgðastöðina við Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði sem hefur verið breytt. Nýr 3.700 m<sup>3</sup> geymir hefur bæst við stöðina og lóðin hefur verið stækkuð. Nýi geymirinn er sá stærsti á lóðinni.

Auk þess nær starfsleyfið yfir geymslu efna á borð við viðloðunarefni, bikþeytu, lýsi, skipagasolíu og "white spirit", allt að 550 m<sup>3</sup> samtals. Endurvinnsla er að auki heimil á bikþeytu (afgangsefni) í nýju kerfi sem hitar bikþeytu upp þannig að eftir verði endurunnið bik sem er tilbúið til notkunar og heimilt er að framleiða og afhenda bikbindiefni til vegagerðar og meðferð þeirra efna sem til þarf við framleiðsluna.

#### 2. Málsmeðferð og athugasemdir við starfsleyfistillögu

Colas Ísland hf. var með starfsleyfi fyrir stöðina sem gildi til 31. desember 2030. Með útgáfu á starfsleyfi þessu fellur eldra starfsleyfið úr gildi, sbr. gr. 6 starfsleyfisins.

Um er ræða stækkun á athafnasvæði fyrirtækisins þar sem komið er fyrir nýjum 3.700 m<sup>3</sup> bikgeymi. Auk þess er settur upp hitunarbúnaður sem ætlaður er til þess að eima vatn frá bikþeytu svo endurvinnsla megir bik í stað þess að henda því.

Upphaflega barst umsókn um starfsleyfi í september 2019. Ekki var þó lokið við að afgreiða hana þar sem Umhverfisstofnun benti á að ekki lægi fyrir skýrsla um grunnástand lóðar. Grunnástandsskýrsla var gerð í mars 2020. Gerð var full skýrsla og mælingar voru framkvæmdar á lóðinni. Loks var rekstraraðili beðinn að svara nokkrum spurningum varðandi endurvinnslu bikþeytu. Í þeim kom fram að bikþeytan sem fer til endurvinnslu er afgangsefni frá framkvæmdum. Vinnslan felst í því að hita efnið upp í fjórum þrepum við stighækkandi hita og eftir stendur nothæft endurunnið bik sem er svipað og nýtt bik nema að það aðeins harðara, þar sem rokgjarnir hlutar biks fara úr því þegar bikþeytan er búin til fyrst. Rekstraraðili tók fram að mengun af þessu væri lítil og sambærileg við það sem fer til andrúmslofts við lagningu malbiks og klæðningar á götur og vegi. Eimur af biki getur farið út um loftunarpíp, en sá eimur er að sögn rekstraraðila minni en eimur af biki sem kemur þegar bikþeytan er búin til fyrst. Lykt sem verður við framleiðslu bikþeytu hafi ekki verið til ama og því ætti ekki að verða vandamál með lykt frá þessum búnaði. Mikilvægt væri þó að hita bikþeytu rólega upp þannig að vatnsgufan skiljist frá með jöfnum hætti svo ekki verði gufusprengingar.

Starfsleyfistillaga fyrir stöðina var auglýst opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar á tímabilinu 26. janúar til og með 23. febrúar 2022. Engar umsagnir eða athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

### 3. Breytingar frá auglýstri tillögu

Engar efnisbreytingar voru gerðar frá auglýstri starfsleyfistillögu við útgáfu þessa starfsleyfis en greinargerð fylgir starfsleyfinu við útgáfu.

### 4. Upplýsingar varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum

Rekstraraðili kannaði hjá Skipulagsstofnun hvort notkun búnaðar til að endurnýta bikið væri tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Í svörum Skipulagsstofnunar við þeirri fyrirspurn kom fram að þar sem framkvæmdin fæli ekki í sér bræðslu á steinefnum þyrfti ekki að tilkynna hana til Skipulagsstofnunar.

Varðandi nýja bikgeyminn lagði rekstraraðili fram bréf frá skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar frá 12. febrúar 2019 þar sem tilkynnt var að Hafnarfjarðarbær færi ekki fram á mat á umhverfisáhrifum.

Þar sem þessara gagna var aflað í tíð eldri laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum óskaði Umhverfisstofnun eftir því að Skipulagsstofnun tæki til skoðunar hvort tilkynna skuli framkvæmdina til Skipulagsstofnunar á grundvelli nýsettra laga nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í svari Skipulagsstofnunar kom fram að geymirinn hefði verið C-flokks framkvæmd í tíð eldri laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og því sveitarfélagið sem tæki ákvörðun um matsskyldu. Umrædd framkvæmd var tilkynnt til Hafnarfjarðarbæjar sem tók ákvörðun um matsskyldu.

Í 1. tl. í ákvæði til bráðabirgða laga nr. 111/2021 kemur fram að í þeim tilvikum þegar umhverfismatsferli framkvæmdar er lokið við gildistöku laganna skulu gilda ákvæði eldri laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er lúta að leyfisveitingum vegna framkvæmdarinnar.

Að virtu því sem fram kemur hér að framan leggur Umhverfisstofnun ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar til grundvallar um að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### 5. Gildistaka

Starfsleyfið er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það öðlast þegar gildi og gildir 10. mars 2038.

Með gildistöku þessa starfsleyfi fellur úr gildi starfsleyfi sem gefið var út 3. desember 2014 fyrir bikbirgðastöð Malbikunarstöðvar Hlaðbæjar-Colas hf.